

DAGBÓK

Úrval 20. aldar verka á sýningu Kjarvalsstaða

NÚ STENDUR yfir á Kjarvalsstöðum sýningin Úrval verka frá 20. öld. Um er að ræða sýningu á verkum í eigu Listasafns Íslands og er sýningin í boði Listasafns Reykjavíkur.

Á sýningunni gefur að líta, að því er segir í tilkynningu, mörg af lykilverkum íslenskrar listasögu enda spannar sýningin nær alla 20. öldina og er svo víðamikil að hún nær yfir alla sali Kjarvalsstaða og veröndina úti.

Er sýningunni skipt upp í fjögur tímabil eftir viðfangsefnum: Náttúran og þjóðsagan, Manneskjan, litur, tjáning, Um form og náttúru og loks Raunsæi og veruleiki.

Má á sýningunni finna verk eftir brautryðjendur síðrómantíska landslagsmálverksins, nýsköpun expressjónista fjórða áratugarins, abstraktverk fimmta og sjötta áratugarins auk verka Summara og þeirra samferðamanna frá sjöunda áratugnum.

Í fréttatilkynningu segir að á



Jón Engilberts: Kvöld í sjávarþorpi, 1937.

sýninguna hafi verk ekki verið valin innan ákveðins tímaramma, heldur ákvarðast val einstakra

verka með hlíðsjón af þeirri þróun sem hefur átt sér stað á ferli hvers listamanns.

Ættjarðarlögin á aðra vegu

Í DAG munu Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson leika á hádegisónleikum í Hallgrímskirkju. Munu þeir félagar flytja íslensk ættjarðarlög í eigin útsetningum og fær spuninn að ráða ríkjum.

Meðal verka á efnis-skránni eru „Land míns föður“ eftir Þórarín Guðmundsson, „Lofsöngur“ Sveinhjörns Sveinhjörns-sonar og „Hver á sér fegra föðurland“ eftir Emil Thoroddssen.

Einnig verða á efnis-skrá íslensk einsöngslög og íslensk dægurlög sem hafa fest sig í sessi sem n.k. ættjarðarsöngvar.

Lögin á tónleikunum voru gefin út á disknum Draumalandið sem tilnefndur var til Íslensku tónlistarverðlaunanna.



Gunnar Gunnarsson og Sigurður Flosason.

Morgunblaðið/Sverrir

Hið upphafna jarðsamband

Tónlist

Sigurjónssafn

Kammertónleikar

Bartók: 44 fiðludúó. Hlíf Sigurjónsdóttir og Hjörleifur Valsson fiðlur. Þriðjudaginn 26. júlí kl. 20:30.

UPPHAFNING klassískra tónskálda á þjóðlegri tónmennt – einkanlega frá tímum áður en dreifbýliseyrun tóku að mengast iðnaraðfeyringu af hljómplötum og útværpi – mynda kannski fegurstu dæmi tónsögunnar um frjótt og gefandi jarðsamband milli fagmenntaðrar einstaklingssníllrar og ósjálfráðra sköpunarþarfa alþýðu. Að sama skapi má kannski segja að þetta farsæla samband meðal akademískra tónskálda og almennings hafi því miður endanlega rofnað þegar afþreyingariðnaðurinn leysti síðustu leifar rótgróinnar þjóðlegrar tónsköpunar af hólmi um miðbik fyrri aldar.

Béla Bartók er að þessu leyti nánast sérkapítuli, því varla náði nokkur annar 20. aldar tónhöfundur að tengja fyrrnefndan alþýðugrunn jafnskáldlega við fram-sæknasta tónmál síns tíma. Enginn furða að Jón okkar Leifs fyndi sér þar hvað nánustu samsvörun meðal tónskálda næstu kynslóðar á undan sér. Jafnframt var þessum frumkvöðli nútíma-

legra þjóðlagarannsókna umhugað um tónlistaruppeldi ungviðisins, eins og sést m.a. af pianólagabálkunum Mikrokosmos og „Fyrir börn“ – og dæmi þriðjudagskvöldsins í Sigurjónssafni, 44 dúóum fyrir tvær fiðlur, sömdum 1930-32 sem æfingar fyrir nemendur þýzka kennarans Erich Doflein. Nema e.t.v. að einu leyti, þ.e. í tónsmíðum, sem Bartók taldi ókennandi – hafi hann þá ekki með téðum pianóæfingastykkjum jafnframt viljað veita vakandi ungmennum hvetjandi sýnishorn af skapandi útfærslu, líkt og t.d. Bach með Invensjónum sínum.

Í því samhengi eru Fiðludúóin óneitanlega sér á parti, því þessar 44 örstuttu andrúmsmíniatúrir af þjóðdönsum, barnagælum, söngleikjum, hergöngulögum, ást-arsöngvum og þulustemmum frá Balkanlöndunum skilja þrífaldlega sárþráða frekari útfærslu eftir í lausu lofti. Engu líkara en að Bartók hafi í aðra rönd viljað segja: „Og bæti nú við hver sem getur!“

Oft og iðulega varð manni hugsað til Beethovens, er með árunum brilleraði öðrum fremur í að þrjóna sífellt meira við minna, og hvað hann hefði ugglaustr getað fengið út úr þessu oft á tíðum ótrúlega merkingarhlaðna frumefni.

Túlkun Hlífur Sigurjónsdóttur og Hjörleifs Valssonar kom mér satt að segja á óvart. Ekki sízt af því að ég hafði til þess að gera ágætan samanburð úr heima-diskótekinu í meðförum Andrásar Kiss og Ferencs Balogh frá 1991. Ef setja ætti puttann á eitthvað eitt, held ég að verði að draga fram hina finlegu nálgun þeirra félaga á nærri því „upphaflegum“ barokknótum, sem í krafti heiðtærrar tónmyndunar (vitaskuld háðri óaðfinnanlegri inntónun) gerði mun meira fyrir oft djarfa „afstrakta“ raddfærslu Bartóks á alþýðlegu viðfangsefni sínu en tókst hjá fyrirtöldum löndum hans.

Því þó svo að eitt og eitt stykki hefði þolað manndrapslegra tempó, og kannski ögn meiri snert af balkanskri villimennsku í hrynskerpu, þá var samt eins og flest kæmist nær sjálfum kjarna tónverkanna en tókst hjá fyrirmynd minni að heiman.


Þetta var músikölsk spíla-mennska fram í fingurgóma. Og ef útkoman á væntanlegri hljóðritun þeirra Hlífur verður af sama karat og heyra mátti umrætt þriðjudagskvöld, er varla spurning hvor plötuútgáfnanna tveggja lendir framvegis í meira upphaldi hjá þessum hlustanda.

Ríkarður Ó. Pálsson

Rafmagnaðir Vínartónleikar

Í KLINK og Bank verður í kvöld haldin raftónlistarveisla. Þar munu leika þjóðverjinn Binaer, hinn austurríski Frans Pomassl auk Product 8, Auxpan og Reptilicus sem leikur í fyrsta skipti opinberlega á Íslandi í 10 ár.

Binaer þykir með eftírsóttari skífubeyturum Vínarborgar þessi misserin en



Franz Pomassl raftónlistarmaður.

Franz Pomassl hefur, að því er greinir í fréttatilkynningu, vakið mikla athygli með kraftmiklum framkomum og er með stærri nöfnum í raftónlistar-bransanum.

Tónleikarnir hefjast kl. 21 og er aðgangseyrir kr. 500. Klink og Bank er til húsa að Braut-arholti 1.

Staður og stund

<http://www.mbl.is/sos>

Félagsstarf

Aflagrandi 40 | Vinnustofa, bað. Vídeóstund kl. 13 í dagstofunni, allir velkomnir.

Árskógar 4 | Bað kl. 8-14. Handavinnna kl. 9-12. Boccia kl. 9.30. Leikfimi kl. 11. Hjólahópur kl. 13.30. Þúttvöllur kl. 10-16.30.

Bólistaðarhlíð 43 | Hárgreiðsla, fótaaðgerð, handavinnustofan er opin án leiðbeinanda.

Dalbraut 18-20 | Kl. 9-11 kaffi og dagblöð, kl. 9-16.45 hárgreiðslustofan opin, kl. 11.15-12.15 matur, kl. 14.30-15.30 kaffi.

Hraunbær 105 | Kl. 9 kaffi, spjall og dagblöðin. Kl. 9 hárgreiðsla. Kl. 10 þútt og boccia. Kl. 12 hádegismatur. Kl. 14 félagsvist. Kl. 15 kaffi.

Hvassaleiti 56-58 | Böðun alla daga fyrir hádegi. Hádegisverður. Félagsvist kl. 13.30. Dagblöðin liggja frammi til aflestrar.

Hæðargarður 31 | Betri stofa og Listasmiðja opin kl. 9-16. Þúttvöllurinn opin alla daga. Gönguhópurinn Sniglarnir kl. 10. Sönghópur kl. 13.30.

Aðstoð við böðun kl. 9-16. Hádegismatur. Síðdegiskaffi. Skráningu í haustnámskeið lýkur 1. ágúst. Uppl. í síma 568-3132. Síðdegiskaffi fimmtudag 28. júlí. Bára bakar.

Vesturgata 7 | Kl. 9-16 hárgreiðsla og fótaaðgerðir. Kl. 9.15-14 aðstoð v/böðun. Kl. 9.15-15.30 handavinnna. Kl. 11.45-12.45 hádegisverður. Kl. 13-14 leikfimi. Kl. 14.30-15.45 kaffiveitingar.

Vítatorg, félagsmiðstöð | Handavinnustofan opin. Hárgreiðslu- og fótaaðgerðastofur opnar. Frjáls spíla-mennska.

Kirkjustarf

Akureyrarkirkja | Kyrrðar- og fyrirbænastund í kapellunni kl. 12.

Garðasókn | Kyrrðar- og fyrirbænastund er hvert fimmtudagskvöld í Víðalínskirkju kl. 22. Tekið er við bæna-arefnum hjá prestum og djákna. Boðið upp á kaffi í lok stundarinnar.

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía | Eldurinn kl. 21 fyrir fólk á öllum aldri. Lofgjörð, vitnisburðir og kröftug bæn. Allir velkomnir. www.gospel.is.

BIOPAT UDDANNELSEN!

Foredrag i august

Fredag d. 26 august kl. 17-20
eller

Søndag d. 28 august kl. 14-17

Norræna húsið, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík
Tilmelding nødvendig!! Pris 1500

Foredrag om Biopati for dig som ønsker at vide mere om naturmedicin, til egen behandling, er terapeut eller vurderer at tage Biopatudannelsen, som starter i Reykjavík i september 2005.

En stor og bred uddannelse indenfor naturmedicin

- 36 MDR UDDANNELSE, deltid
- 18 MDR FOR DIG DER ER TERAPEUT, deltid
- KAN KOMB. MED ARBEJDE
- SELVSTUDIUM, KORR.UNDERVISNING
- UNDERVISNING AF SPECIALISTER FRA DK, N OG IS
- GIR TITLEN BIOPAT
- EN PRAKTISK RETTET TERAPEUT-UDDANNELSE

Biopati er et unikt analyse- og behandlings- system, grundlagt av Kurt Nielsen i 1980.

En række naturmedicinske former er integreret:

- *Biopatiens principper
- *Alternativ sygdomslære
- *Øreakupunktur
- *Zoneterapi
- *Meridianlære
- *Ernæringsterapi
- *Vitamin- og mineralterapi
- *Regulations- og phytoterapi (urter)
- *Homøopati
- *Symbioseterapi
- *Immunologi
- *Irisanalyse
- *Klientpsykologi
- *Biopatisk strategi
- *Vegatest
- *Praksis m.m.

Vi sender info-hæfte til alle interesserede

KONTAKT IS: Sigurdis Hauksdóttir - TLF 5540427

Biopatskolen, Pilegårds Vænge 44, DK 2635 Ishøj
KONTAKT DK: TLF +46 702879405 FAX +45 43533432
MAIL: Biopatskolen@ishoejby.dk